

Nr. 749

24. ágúst 2009

AUGLÝSING um staðfestingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 24. ágúst 2009 staðfest aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Samkvæmt fyrilliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012 frá 25. maí 1993 með síðari breytingum, og aðalskipulag Árskógsþrepps 1991-2011 frá 12. október 1992 með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 24. ágúst 2009.

Svandís Svavarsdóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2009